

Nd.

249. Breytingartillaga

[147. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við námsbraut þjóðfélagsfræða, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósentar og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

Heimilt er, að námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum verði sérstök þjóðfélagsfræðadeild eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara. Fer þá um stjórn þeirrar deildar eftir almennum ákvæðum þessara laga, þó með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr.

42. gr.

Kennsla í aðalgreinum almennra þjóðfélagsfræða fer fram á vegum námsbrautarinnar. Aðrar kennslugreinar almennra þjóðfélagsfræða má sækja til hinna ýmsu deilda Háskólans, þegar því verður við komið. Þó er heimilt að skipa eða ráða kennara í þær greinar sérstaklega.

Gegnir þá námsstjórn hlutverki háskóladeildar samkvæmt 11. gr., og eiga þá fulltrúar stúdenta ekki atkvæðisrétt.

43. gr.

Félag stúdenta í þjóðfélagsfræðum skal njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og deildarfélag stúdenta samkvæmt lögum þessum. Þannig á einn fulltrúi stúdenta í námsstjórn eftir ákvörðun aðalfundar atkvæðisrétt við rektorskjör.

44. gr.

Námsbraut þjóðfélagsfræða skal vera sérstakt viðfangsefni í fjárlagalið Háskólans.